

Jón Helgason, professor:  
Norðurkorti.

A gift of B in  
honour of E.

MINNI LENÍNS

Te honfa, ses ríkir í rauðustum heim  
og vermir með bláðugu straffi,  
ðó yrki mitt kvaði af ðstæðum þeim,  
ac öðlingur sá gaf mér kaffi,  
og með NOKKUR INGAMAN KVÆÐI brauð  
eins og framast var kostur að torga,  
bað var lagsmáður <sup>eftir</sup> sín en sem loetgatið band,  
en La JÖNN HELGASON borga.

I austriðu hervæðist harðsnúið líð  
og hanarnir bláðrauðir galá,  
því líta menn viða í löndum við,  
um Lenín er verið að tala.  
Mig furðar ekki á þó að fragð passa manne  
sé flogin um gjörvallar difur:  
fyrst svona er sumasti húskarlinn hans,  
hvílfkar mun hann þá sjálfur?

1920 ?

MINNI LENINS

Um Lenín, sem ríkir í rauðustum heim  
og refsar með blóðugu straffi,  
ég yrki mitt kvæði af ástæðum þeim,  
að öðlingur sá gaf mér kaffi,  
og með því var framreitt hið finasta brauð  
eins og framast var kostur að torga,  
það var lagsmaður Simsen sem lostgætið bauð,  
en Lenín mun þurft hafa að borga.

I austrinu hervæðist harðsnúið lið  
og hanarnir bléðrauðir gala,  
því líta menn víða í löndunum við,  
um Lenín er verið að tala.  
Mig furðar ekki á þó að frægð þessa manns  
sé flogin um gjörvallar álfur:  
fyrst svona er aumasti húskarlinn hans,  
hvílíkur mun hann þá sjálfur?

1920 ?

KAPPRÓÐUR

Ursus með sína sveina  
sveigði hið fatta bak.  
Randersmenn fengu að reyna -  
rosalegt var það tak.  
Umvafinn sönum sóma  
sigraði' hann þeirra fans.  
Lengi mun Randers róma  
rökkleik þess heljarmanns.

1920

FORKVÆÐI UM RIDDARANN JÓNAS

Jónas vill sig í Harmóniu gá,  
undir bann græna hliða  
Svo sáran gerir honum að sta.  
bað dunar undir þar hofmennirmir ríða.

Jónas axlar yfir sig skinn,  
í Harmóniu gengur hann inn.

Þar dansar stoltsjómfrúin Larsen,  
silkilindi um rassinn.

Þar dansar stoltsjómfrúin Nilsson,  
íklædd skarlatspilsum.

Jónas drekkur mjöð og vín,  
til frúnna rennir hann augum sín.

Frúrnar drekka mjöð og vín,  
til Jónasar renna þær augum sín.

Að Jónasi safnaðist frúnna skari,  
vildu með honum í dansinn fara.

Að Jónasi safnaðist frúnna fans,  
vildu með honum ganga í dans.

Jónas út á gólfíð leið,  
dansaði á lull og dansaði á skeið,

Dansaði hann fyrir utan spé,  
brjóst við brjóst og kné við kné.

Jónas út á gólfíð stökk,  
dansaði á tölt og dansaði á brokk.

Dansaði hann allur út á skjön,  
lær við lær og grön við grön.

Vendi ég mínu kvæði í keng,  
undir þann græna hlíða,  
að vetri mun Jónas eignast dreng,  
það dunar undir þar hofmennirmir riða.

1918 ?

V E G G J A L U S A R K V E D I

Vörpulegt dýr er veggjalús;  
vitni þess Geiri ber:  
fluttur var hann í fagurt hús,  
fullvel þar undi sér,  
lofaði mjög sín höpp og hag  
háttandi í dúnmjúkt ból, -  
en lofa áttu öngvan dag  
áður en rennur sól.

Þrútin af vonzku vagar fram  
veggjalús býsna stór,  
framan í Geira hristi hramm,  
hugðist að fremja klór;  
jafnskjótt og Geiri hræddur hrein  
í holu lúsin paut,  
gægðist samt út það eitur bein  
óðar en gólið þraut.

Veggjalúsin með viðan skolt  
veglegan kappann beit;  
mannakjöt reyndist henni holt,  
horskjátan gerðist feit.  
Settur var Geiri á sjúkrahús,  
sat þar með nöguð þjó;  
voluð og hungruð veggjalús  
veslaðist upp og dó.

## ŪRSUS OG GÓLON

Nóttin grúfði yfir sveit og sjá  
svört eins og lauf og spaði;  
Ūrsus dottandi á dívan lá,  
dreymdi að hann væri í baði.  
Inn sté Gólon með braml og brak,  
brátt tók að minnka friður,  
framan í Úrsum armlegg rak  
í því hann settist niður.

Vaknaði Ūrsus vígafús,  
válega í honum lætur:  
"Hvárt vill þú, tyrðill, taka hús  
á tírapjóð of nætur?  
Fremir þú á oss friðarspjöll,  
fjör pitt man ráð að sefa,  
allt eins og kettling kyrki tröll  
kreistum vér þig í hnefa."

Hvergi gugnaði Gólon við, greipar  
greipar á kviðnum spennti,  
skældi sig út í hægri hlið,  
hvoftana sundur glennti:  
"Gleymdu samt ekki, lyddan löng,  
lungum og barka mínum;  
flæma skal ég með fölskum söng  
fjörið úr skrokki þínum."

Svo mælti hann og hljóp í kút,  
hnefunum tók að miða.

Ursus veifaði vasaklút,  
vildi nú biðjast griða.

Hátt stökk Gólon og höggið reið,  
heróp um salinn drundi.

Ursus í svima út af leið,  
agndofa lá og stundi.

Heyrðist nú inn um hverja gátt  
hreyysti þeirra í salnum,  
drífur að fólk úr ýmsri átt,  
ætlar að hygla valnum.

Vegendur eftir vopnafund  
vitjuðu rúma sinna,  
mörgum finnst hent að hljóta blund  
hafandi starfað minna.

SIGLING RITSTJÓRABS

Hví blakta flögg við húna?  
hví skrýðist gjörvöll borg?  
Fólkið hið fagurbúna,  
flykkist um stræti og torg.  
Hvarvetna hniga og rísa  
hrópandi mannagarðar:  
Bráðum mun borg vor hýsa  
blaðkonung Eyjafjarðar.  
Jódynir, hornahljómar,  
hlátrar og gleðisköll,  
dillandi drósarómar,  
dynjandi húrraköll.  
Fram milli raða riður  
ritstjóri Islendingsins;  
bylur við brjóst og síður  
blómregnið mannahringsins.  
Fagni, ó Keðja, Flóra,  
Fönix og Tívolí,  
gefið nú góða bjóra,  
Granada og Indústrí,  
látið þar lendameyrar  
lostugar konur sitja,

pví Northcliffe Akureyrar

ykkar mun bráðum vitja.

— — —

Ritstjórinna rausnarlyndi

ríflega fræðslu tók,

ölskál og kvennayndi

einkum hans munað jók.

Óx honum ístra að framan

alin með bjór og fleski;

jafnóðum seig þó saman

sáldurans troðna veski.

Líkamann lostabrunna

lagði hann í nýja glóð:

frillu af fróni runna

fekk hann og galt við sjóð.

Ritstjórinna rekkjusprækur

rembdist þá nótt og daga;

nýbráðinn lýsislákur

löðrarði um feitan maga.

Af þessu konukaupi

komst hann í sára þraut:

kvöld eitt með hörðu hlaupi

hurðina manntröll braut.

"Upp statt þú, ístrumelta,

óðar á hólm skal ganga;

öngvum er ráð að elta  
ástmeyjar Kristjáns langa. "

Ritstjórinn rauk úr bóli  
rykkjandi sína brók.

Kristján með grimmu góli  
gjöktandi breddu skók:  
"Bráðum skal sveðjan bitra  
bora þér sára díla,  
eggjar og oddur glitra  
allt eins og gler grá Tíla. "

Kristján rann framm með reiði;  
ritstjórinn féll á kné:

"Gnötrandi griða eg beiði,  
gerum nú vopnahlé.

Lofirðu mé að lifa,  
læt ég í mína pressu  
ókeypis um þig skrifa.

Elskan míni gakktu að þessu."

Kristján með orgi illu  
anzaði blárri en sót:

"Fá vil ég mína frillu,  
fá vil ég skaðabót."

Veskið úr þinum vasa  
vil ég íbætur fala.

Farirðu að þræta og þrasa,  
þá skulu vopnin tala."

Rirstjórinna hlaut að hlýða  
hvað mikið sem hann bað.  
Kristján með kossa blíða  
kvenmanninn teymdi á stað.  
Hiklaust á Himnaríki  
hljóp hann og trúð sinn maga;  
seint trúí'eg eðlið svíki:  
hann sat þar nítján daga.

Ritstjórinna bringubrotinn  
býr sig að ná í lán;  
öll var hans auðlegð þrotin  
eftir hið mikla rán.  
Sulturinn sveið um lundir,  
sulturinn draup úr nösum,  
garnirnar gauluðu undir  
galtóum jakkavösum.

Manstu, hvort manstu eigi  
mög ðinn, ó Islands þjóð,  
sem þér af villuvegi  
vísaði á rétta slóð;  
bjartur í blysför andans  
bar hann þér skæran kyndil:  
nú fer hann hreint til fjandans  
fái hann ekki öl og vindil.

---

Spákonu fór að finna  
Flateyjar stolt og prjál.  
Hundgömul hrokkinskinna  
hrærði sinn korg í skál:  
"Viljirðu að menn þig virði,

veit ég þér ráð að selja:  
alltaf í Eyjafirði  
ættirðu kyrr að dvelja."

Ritstjórinн rólar víða,  
reynir að ná í far;  
erfiðið ofurstriða  
árangur slæman bar:  
dekkpláss á dalli einum  
daunillum varð að þiggja  
hann sem á guðvef hreinum  
hingað til kaus að liggja.

Kuggur til ferðar knúinn  
kúldraðist hægt við lönd;  
ritstjórinн limalúinn  
lítur á kvadda strönd:  
Gráleit var ásýnd grundar,  
gneypur stóð bryggjusporður;  
gjörvallir Hafnarhundar  
hixtuðu og migu í norður.

Eg sigldi til Islands er frerann úr fjallshlíðum leysti  
og ferðaðist víða um hraun þess og sanda og grundir;  
ég sat á hestbaki sjálfur af mikilli hreysti,  
en sveinarnir mínir, sem hér eru í kvöld, teymdu undir.

Pótt örg væri leiðin og illviðrin sendu mér slettur,  
varð árangur minn ekki lítill, og nú skal hann tjáður:  
undir Hofsjökli vestanhalt virtist mér dálítill klettur,  
ég veit ekki til þess að neinn hafi fundið hann áður.

De kan altså se at jegsov ikke li'som en drivert,  
jeg sögte med iver og fartede rundt uden standsen;  
dog deler jeg æren, foruden med kokken Sivert,  
med den Aage-Meyerske stipendiat Palme Hansen.

1924

R E K K J U B R O T S K V A Ð I

Morten kom inn að makka,  
mælti: "Ó, Jónas kær,  
þér mun ég klökkur pakka  
ef þú mér rekkju ljær."  
"Ef þú vilt Amor blót,"  
anzaði hinn f stað,  
"máttu ekki bólið brjóta:  
Blessaður mundu það."

Djúpt inni í skuggans skjóli  
sköll mátti heyra brátt;  
bröltu þar tvö í bóli  
og byltust fjarska hátt.  
Heyrðist þá harður brestir, ~~stíthóld~~,  
eitt hróp - og rúmið sökk;  
Morten á limum lestur  
langt út á gólfíð hrökk.

Inn hleypur Jónas æfur,  
ekki var bóndinn dæll:  
"Síst ertu í húsum hæfur,  
hypja þig, vondur þræll."  
Morten í felmtri flúði,  
fatnaður eftir lá.  
Jónas hjá blíðri brúði  
brottrekstrarlaunin þá.

T I L L E I Ð B E I N G A R

Nú vilja menn komast í kvennasnatt, en kunna ekki  
nógu vel siðina:

Björn Karel er maður sem leiðbeinir fúslega um  
teóretisku hliðina.

En óski þeir praktískra æfinga, þá er það hverju orði  
sannara,

að líklega verður lukkudrýgra að leita frekar til  
annara.

1921

S A N N M Ä L A K V Ä Ð I

Mjög er sá galli mönnum skaður  
að mega til með að halda ræður.  
Sumir hafa óbeit á kversins klausum.  
Köld er Þorranótt fatalausum.  
Íllt er að kljást við konur reiðar.  
Klaðalítill maður hraðast skeiðar.  
Ef enginn heyrir er gagnslaust að góla.  
Gumpar lýjast við harða stóla.

Ekki er sá maður of vel farinn,  
sem allslaus verður um natur barinn.  
Sért þú í orustum önnum kafinn,  
aldrei skyldir þú lána stafinn.  
Komið fær voluðum bíll til bjargar.  
Bágt er sá staddur er skyrtunni fargar.  
Oft má sá höndum til himins fálma,  
sem hefir sitt traust undir þagmælsku Pálma.

U M S Ó K N

Hér kem ég með umsókn, einn aumur þræll  
og allt að því hungurmorða,  
ég veit ekki hvað er að vera sæll,  
ég veit ekki hvað er að borða.  
Ég morraði á spítala misserin þrjú,  
þá minnkaði lífskrafta forðinn, ~~en sífellt óx skuld míni~~  
en sífellt óx skuld míni, og sjá, hún er nú  
um sjö þúsund gullkrónur orðin.  
Í gjörvallri ætt minni öngvan ég veit,  
að í askunni væri ekki kvalinn  
og lifði ekki allan sinn aldur á sveit  
unz hann endaði jarðlifið galinn.  
Þá sjaldan mér áskotnast eyrisverð  
það eyðist á blásnauðar hræður:  
Það fer til að styrkja hina félusu mergð,  
mína fátaku vesalings bræður.  
Nú veizt þú, ó nefnd, um minn naumlega hag,  
og neitir þú alveg að laga hann,  
þá hef ég ekki annað til athvarfs þann dag  
en ólina, lykkjuna og snagann.

B R U Ð K A U P S S Á L M U R

Oft hefur það verið í holdsins vist  
þeim helgustu mönnum gáta,  
hve hjón fengi komist hjá heimsins lyst  
á hreinferðugastan máta,  
því, sál míni, það varast sífellt ber  
undan Satan og girndinni að láta.

En hallelúja með hæstum gný  
nú hefur loks ráðið fundizt.  
Því fagnar míni önd eins og fugl við sky  
og fær ekki málsins bundizt.  
Af mikilli furðu og fagurri hind  
hafa forlagapræðirnir undizt.  
Því um það var sannlega sárlítil von  
og sízt meðal kunnustu granna,  
að útvalinn mundi Jón Eyþórsson  
til oddvita skírlifismanna.  
En sá væri dári sem dyldist þess nú  
hvað dæmin svo ótvírætt sanna.

Á meðan bóndinn í Björgvin einn  
í brekánum kropp sinn vefur,  
þá liggur hans maki svo hjartahreinn  
í Húnavatnsþingi og sefur;  
hvað forðum var hugsjón postuðans Páls  
í praxis nú umbreyzt hefur.

Því látum oss, sála míni, hrópa hátt  
að hjónaband slíkt megi standa,

og hljómi þess orðstír í hverja átt  
til heimsins siðspilltu landa,  
svo fólkini verði það fyrirmynnd  
frá Fídsjí til Haparanda.

1921

U P P O T I R E Y K J A V I K

Bléðþyrstir hrafnar blaka væng,  
byltingin mikla er hafin,  
lögreglan gjörvöll lögð i säng,  
lérefti og smyrslum vafin.  
Öll eru sundur lögin leyst,  
landið í voða stendur,  
borgarliðið brunar geyst  
bitandi í skjaldarrendur.  
Senn mun fyrir þess fræknu störf  
fósturlands hagur bættur,  
ráðin mun bót á brýnni þörf,  
barnsræfill einn mun grættur.  
Ver þú, ó herlið, hræðslulaust,  
hristist þið ekki, ó læri.  
oddviti þinn sé allt þitt traust,  
Ursus með nýbrýnd skæri.  
Felldu nú, Ursus, fjandans lið,  
frækkleik þinn undrist þjóðin,  
betra mun slíkt en berjast við  
Benedikt þann með hljóðin.  
Vegleg eru þín vopn og góð,  
vígmóð sýnirðu ærinn,  
sýður í aðum berserksblóð,  
bíttu ekki, góði, í skærin.

F L J U G, F U G L, F L J U G

Fljúg, fugl, fljúg yfir Furresjóinn blakka,  
forsælan ágerist senn.

Sástu ekki reika þar suður um bakka  
svolftið kynlega menn?

Komstu ekki í vík þar sem kæna var róin?  
Krókótt var mjög hennar braut.

Aðarnar rákust í allt nema sjóinn,  
útbyrðis ~~ræðarinna~~ hraut.

Fljúg, fugl, fljúg yfir Furresjóinn dökkva,  
færist að kvöldhúmið dimmt.

Hlyddirðu ekki á, þar sem einn var að sökkva,  
andköf og stunur og krimt?

Bar þig ekki að þar sem blotnaðir lokkar  
boðuðu kaffærðan mann?

Petta var formaður félagsins okkar.

Fugl, þú munt kannast við hann.

Fljúg, fugl, fljúg yfir Furresjóinn víða,  
fallin er nött yfir jörð.

Fannstu sem skugga í skóginum líða  
skjögrandi gemlingahjörð?

Heimsækir djúpanna hélt sér í Mundann, ~~hælana~~  
hælana blýpunga dró.

Læknirinn saup það hann laumaði undan,  
lagðist í grasið og dö.

### FÆIN ORD TIL SKYRINGAR

**MINNI LENINS.** - Hendrik Siemsen Ottósson var nýkominn frá Rússlandi og var sagður hafa rússneskt gull meðferðis. Þeir drakk með honum kaffi á landamóti. Fróðir menn hafa sagt mér, að Lenins muni þarna fyrst getð í kvæði á íslenzku.

**KAPPRÓÐUR.** - Ursus (Björn Sigurbjörnsson) tók þátt í kappróðri; hans bátur varð næstaftastur, en bátur úr Randers var ennþá aftari.

**FORNKVÆÐI UM RIDDARANN JÓNAS.** - Um Jónas úr Flatey þegar hann var að læra að dansa í Harmóníu (á Nørrevold). Jónas gerði mikið úr kvenhylli sinni. Honum varð tilförett um báðar þær stúlkur sem nefndar eru, en ekki veit ég meira um þær. Mig minnir að kvæðið sé ort meðan ég lá með hitasótt í spónsku veikinni.

**VEGGJALUSARKVÆÐI.** - Ásgeir Þorsteinsson (Verkfræðingur) fluttist í herbergi þar sem reyndust vera veggjalús, og varð að flytja hann á spítala.

**URSUS OG GÓLON.** - Björn Sigurbjörnsson var kraftalegur, stundaði mikið leikfimi og böð, og gerði sér far um fornyrt og hetjulegt tal. Gólon er Benedikt Elfar, hann var við söngnám og hafði afkáralega tilburði þegar hann söng. Þeir Björn og Benedikt höfðu herbergi saman um sinn, en urðu ósáttir og flugust einusinni á; þar var sagt að Benedikt hefði haft betur, enda var hann hnelliinn.

**SIGLING RITSTJÓRANS.** - Jónas úr Flatey var í rauninni góður drengur, en eyðslusamur og fyrirhyggjulitill; hann var orðinn ritstjóri Islendinga á Akureyri og setti einu sinni kjánalega lofgrein um mig í blaðið (að því er vikið í 8. erindi). Jónas kom eitt vor til Kaupmannahafnar og barst mjög á, en eyddi fljótt öllu fé sínu. Hann fór að guma af því við Kristján langa (sem nú

er fógeti í Reykjavík), að hann hefði átt vingott vi einhverja tiltekna íslenzka stelpu, en Kristján brást reiður við, því að hann var þá að hugsa um stelpuna; annar flugufótur er ekki fyrir því hlutverki sem honum er fengið í kvæðinu. Kristján hafði löngum setið á Himnaríki frá morgni til kvölds, en var nú farinn að vinna að gleraugnagerð hjá Thiele. Eg fór til Noregs þetta sumar, og Jónas varð mér samferða á dekkplássi til Osloar; hann sagði mér þá m.a. frá því, að hann hefði farið til spákonu í Kaupmannahöfn, en ekki veit ég hvað þeim fór á milli. I Oslo varð Jónas uppiskroppa og gat ekki haldið áfram ferðinni til Islands; ég léði honum þá nálega alla þá aura sem ég hafði meðferðis, en hann lofaði við sína eru og trú að senda mér þá jafnskjótt og til Reykjavíkur kæmi, en þetta brást; ég sat öldungis félaus í Noregi og varð þeim mun argari í skapi sem ég beið lengur; þessvegna er víst meiri beiskja í kvæðinu en hefði átt að vera, því að mér var vel við Jónas í rauninni.

**RÆDA.** — Niels Nielsen, nú prófessor, flutti erindi um rannsóknir sínar á Islandi eitthvert sumar; hann var dálítið grobinn og hrósaði mjög félögum sínum úr ferðinni, þeim Sigurði Thoroddsen og Pálma Hannessyni. Pálmi hafði styrk frá Danskóislenzka félaginu, sem Aage Meyer Benedictsen stjórnaði.

**REKKJUBROTSKVÆÐI.** — Jónas úr Flatey hafði herbergi á Garði, hann var greiðugur maður. Einn dag var rúm Jónasar allt brotið; hann kenndi því um að Morten Ottesen hefði fengið herbergið og rúmið léð kvöldinu áður. Að öðru leyti er kvæðið tilbúningur.

**TIL LEIÐBEININGAR.** — Björn Karel var allra manna fróðastur í teóriú kvennafarsins og óspar að segja fróðleiksfúsum til.

**SANNMELAKVÆÐI.** — Peir Pálmi Hannesson og Sveinbjörn Högnason fóru saman til Þýzkalands; þegar þeir komu aftur, sagði Pálmi að

þeir hefðu eitt kvöld lent í húsi þar sem Sveinbjörn hefði ætlað að telja um fyrir léttúðugum konum, en þær þrifu stóla og annað sem laust var fyrir og ráku hann á dyr fáklæddan. Sveinbirni þótti verst að hann hafði léð Pálma staf sinn, svo að hann missti hann í viðureigninni.

**UMSÖKN.** - Sveinbjörn sendi Sáttmálasjóði umsókn um fjárstyrk. Pálmi hafði lesið hana og kunni glefsur úr henni sem hann sagði öðrum, taldi hana hafa verið mjög átakanlega.

**BRÚDKAUPSSÁLMUR.** - Jón Eyþórsson gekk í hjónaband á Íslandi, fór sjálfur til Noregs, en skildi konuna eftir.

**UPPPOT I REYKJAVÍK.** - Þegar mest gekk á í Reykjavík vegna rússneska piltsins, sem Ólafur Friðriksson kom með til landsins, gekk liðið sem átti að sækja að Ólafi yfir Landakotstún. Fremstur gekk, að sagt var, Ursus, og hafði skæri í hendi til al klippa sundur gaddavírinn í girðingunum.

**FLJUG, FUGL, FLJUG.** - Stúdentar fóru einn sunnudag út á Sjáland; formaður félagsins (Torfi Ásgeirsson) steyptist á kaf, og Guðmundur Illi varð að styðja hann holdvotan. Læknirinn mun vera Jón Steffensen. Þetta kvaði er gert löngu eftir að ég var hættur að yrkja um atburði stúdentalífsins; ég fór að hugsa hvílíkt sél-gæti þessi skógarför hefði verið mér, hefði ég verið yngri, og þá urðu vísurnar til.

Kvæði  
flutt að aðalfundi félags ís-  
lenzkra stúdenta í Kaupmanna-  
höfn 10. febrúar 1925, um Jakob  
Möller alþingismann.

Eitt kvöld um það bil þegar röðullinn rann,  
égreikaði einmana um stræti;  
í dimmunni sá ég einn dökkleitan mann  
með dálitið nýstárleg læti:  
hann lamdi sig utan og hoppaði hring,  
hann hristist af beljandi öskri;  
en strákalið götunnar stóð allt í kring  
og starði á þessa athöfn með blöskri.

Um hugskotsins leyndustu fylgsni ég fann  
þá fljúga þá hugsun sem skjótast,  
að hér sái ég íslenzkan alþingismann  
í ölæði vitlausán rótast;  
mig furðaði á höfðingjans framkomu mest,  
mér fannst ekki tignin hans háleit,  
en þegar ég gætti míni, þá sá ég bezt,  
hve þessi míni getsök var fráleit.

Bú alþingisgimsteinn, sem glóir og skín  
í gulli og reykelsi og myrru,  
eitt augnablik hélt ég þig ódrátt og svín,  
nú iðrast ég þvílíkrar firru.  
Hve hróplegt það ranglæti að hugsa til þín,  
hve heimskuleg fjarstæða að gruna  
jafn hófsaman öðling, sem hatar allt vín  
Það hefði ég víst átt að muna.

Vor alþingismaður er mikill og stór,  
að mannviti og drenglyndi ríkur;  
en hér er einn dóni með dynjandi þjór,  
sem dirfist að vera honum líkur.

I upphafi fór ég á allan hátt vilt  
um aðgreining þessarra manna,  
en nú veit ég betur og skoða mér skylt  
að skyra þá frá hinu sanna:

Meðan alþingismaðurinn iðkaði nám  
við einróma lofstír á Garði,  
var dónninn þar syngjandi svartasta klám  
og saklausán prófastinn barði.  
Meðan alþingismaðurinn ilmaði satt  
af angandi briljantínum,  
var engum hjá dónanum stundina stætt  
fyrir stækjum af gubbuðum vínum.

2.

Meðan álþingismaðurinn efldist og sté,  
án afláts til vizkunnar brunna,  
gékk dónanum öfugt: hann sé og hann sé  
í svalli og slarki til grunna.  
Meðan alþingismaðurinn lífspeki las  
og leitaði á hæðirnar bröttu,  
gékk dóninn með tryllingslegt dellumannsfas  
og drakk sér til vistar á sjöttu.

Vor alþingismaður ber auglitið bjart  
af upphugsun göfugra laga,  
en yfirbragð dónans er dólgslegt og svart  
af drabbi og veikluðum maga;  
en sízt má þó dyljast við sannleikann þann,  
hin sönnu en hryggilegu undur:  
sé dónanum þvegið þá þekkja menn hann  
og þingmanninn trauðlega sundur,

Og varið þið ykkur því vesælir menn,  
að villi ekki og blekki ykkur sjónin,  
því báðir í borginni eru þeir enn  
vor alþingismaður og dóninn;  
sá orðsnjalli herra, sem ígrundar mál,  
unz atriðin standa í skorðum,  
sá ræfill, sem drekkur burt sinnu og sál  
og sofnar á knæpnanna borðum.

Meðan alþingismaðurinn unir á Park  
í indælli hófsemd og kæti,  
er dónanum hrundið með háðulegt spark  
úr herbergi sínu út á stræti.  
Meðan alþingismaðurinn hneigir sig hljótt  
fyrir heilagleik morgunroðans,  
þá endar dóninn sína óværu nótt  
hjá örgustu kvensniftum Hroðans.